um frumvarp til laga um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að frv. þetta sje fallið til að ná samþykki þingsins, þar sem í því eru nauðsynlegar umbætur á núgildandi landamerkjalögum og auk þess ákvæði um áreiðarmál og vettvangs færð saman í eina heild og þau bætt.

Hins vegar virðist frv. ganga fulllangt í því að skylda hjeraðsdómara til að taka upp þrætur manna um merki, og leggur nefndin því til, að nokkuð verði úr því dregið.

Nokkrar breytingar eru gerðar til skýringar og samræmis, og verður fyrir þeim gerð grein í framsögu málsins.

Samkvæmt því ber nefndin fram svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
en greini þá á, nefnir ráðherra oddamann.

2. — 2. — fyrri málsgr.
Á eftir orðunum »afhent hreppstjóra« komi:
ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.

3. — 3. —
Síðari málsgrein orðist svo:
Verði ágreiningur um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

4. — 7. —
Á eftir »og 6. gr. 1. málsgr.« komi:
á báðum stöðum 2. málsl.

5. — 8. —
a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um það, að ágreiningur sje um landamerki eða ítaks, enda telji hann það máli skifta, eða merkjaskrá o. s. frv.
b. Við fyrri málsgr. bætist:
Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

6. — 9. — Í stað orðanna »og má eigi« til enda greinarinnar komi:
og má skjóta því ákvæði til hæstarjettar sjerstaklega.

7. — 10. —
Fyrir orðin »enda sje svo til hagað« komi:
skal jafnan svo til haga.

8. Við 12. gr.

Fyrir »landamerkjabók« i fyrri málsgr. komi:
fasteignaskrá.

9. — 15. —

a. fyrir »yfirdóms« komi:
hæstarjettar.

b. fyrir »yfirdómur« á 2 stöðum komi:
hæstirjettur.

c. á milli orðanna »úr gildi« og »og skal« komi:
sbr. þó 9. gr. siðustu málsgr.

Alþingi, 17. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason,
ritari.